**Hverfisráð Kjalarness**

Ár 2017, fimmtudaginn 9. febrúar var haldinn 151. fundur hverfisráðs Kjalarness. Fundurinn var haldinn í Fólkvangi og hófst kl. 17:10. Viðstödd voru Sigríður Pétursdóttir, formaður, Ólafur Þór Zoéga, Guðfinna Ármannsdóttir, Sigrún Jóhannsdóttir og Hafsteinn Númason. Auk þeirra sátu fundinn Jóna Björg Sætran, áheyrnarfulltrúi framsóknar og flugvallarvina ásamt Ingibjörgu Sigurþórsdóttur, framkvæmdarstjóra Miðgarðs sem jafnframt ritaði fundargerð. Gestir undir lið eitt voru Bára Birgisdóttir, íbúi á Kjalarnesi og strætónotandi, Ragnheiður Einarsdóttir og Valgerður Gréta Benediktsdóttir frá Stætó Bs., Þorsteinn Rúnar Hermannsson, samgöngustjóri og Heiða Björg Hilmisdóttir formaður stjórnar Strætó Bs.

**Þetta gerðist:**

1. Fram fer umræður um almenningssamgöngur á Kjalarnesi. Lögð fram núverandi tímaáætlun Strætó bs. á leiðum 57 og 29. Hverfisráð Kjalarness óskar eftir að ferðir verði á klukkutíma fresti frá morgni fram til síðustu ferðar að kvöldi, þ.e. bæta við pöntunarferðum. Verður sett í ferli hjá Strætó bs. og USK. Ákveðið að færa 7:25 pöntunarferðina fram um 5 mínútur þ.e. til 7:20.

- Kl. 17.50 víkja Bára Birgisdóttir, Ragnheiður Einarsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Valgerður Gréta Benediktsdóttir og Þorsteinn Rúnar Hermannsson af fundinum.

2. Fram fer umræða um matvælaframleiðslu á Kjalarnesi og þá hættu sem af henni getur stafað.

3. Lagt fram brég umhverfis- og skipulagssviðs með útskrift úr gerðarbók umhverfis- og skipulagsráðs, dags 2. nóvember 2016, varðandi deiliskipulag fyrir Velli.
   Hverfisráð Kjalarness hefur skoðað framkomnar tillögur um breytingu á deiliskipulagi fyrir Velli og gerir ekki athugasemdir við þær.

**Fundi slitið kl. 18.20**

Sigríður Pétursdóttir

| | |
|---|---|
| Guðfinna Ármannsdóttir | Sigrún Jóhannsdóttir |
| Ólafur Þór Zoéga | Hafsteinn Númason |